

Ed. 174. Frumvarp til laga [167. mál]
um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla, er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförunum vikum hafa verið gerðir kjarasamningar sem ná til alls þorra landverkfólks. Samningarnir gilda út árið 1985 og fela í sér verulegar launahækkanir þegar frá undirskrift.

Með hliðsjón af þessu, svo og ákvörðunum er varða afkomu sjávarútvegsins og nú liggja fyrir, er talið nauðsynlegt að núgildandi lágmarksverð sjávarafla verði endurskoðað með gildistíma frá 21. nóvember 1984. Með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga þeirra sem m. a. voru forsenda þessarar endurskoðunar er lagt til að ný fiskverðsákvörðun gildi til 31. ágúst 1985.

Til frekari upplýsinga um lagafrumvarp þetta fylgja hér með bréf sjávarútvegsráðherra til Verðlagsráðs sjávarútvegsins, svarbréf Verðlagsráðsins og álitgerð framkvæmdastjóra ráðsins.

Fylgiskjal I.

Verðlagsráð sjávarútvegsins,
Tjarnargötu 4,
101 Reykjavík.

13. nóv. 1984.

Að undanförunu hafa verið gerðir nýir kjarasamningar hjá meginþorra launþega í landinu. Þessir samningar raska í verulegum atriðum forsendum fiskverðsákvörðunar þeirrar er tekin var í júní s. l. og gilda skal til áramóta, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs nr. 12/1984.

Í ljósi þessa og með tilliti til þess að Verðlagsráðið ákveður sjálft verðtímabil fiskverðs, lögum samkvæmt, beinir ráðuneytið því til Verðlagsráðs hvort ekki sé tilefni til þess að ákveða nýtt fiskverð, sem taki gildi fyrir en áður var ákveðið.

Með tilliti til allra aðstæðna telur ráðuneytið ekki óeðlilegt að nýtt verðtímabil hæfist á næstu vikum í stað áramóta og stæði til eigi skemmri tíma en loka vetrarvertíðar og ef til vill lengur m. a. með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga. Ráðuneytið telur að Verðlagsráð geti tekið slíka ákvörðun, ef um það er samkomulag í ráðinu.

Telji Verðlagsráð að atbeina ráðuneytisins eða Alþingis þurfi til að ákveða megi nýtt fiskverð fyrir en frá næstu áramótum er ráðuneytið reiðubúið til að beita sér fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að svo geti orðið. Óskað er álit og tillagna Verðlagsráðs um mál þetta við allra fyrstu hentugleika.

Halldór Ásgrímsson

Þorsteinn Geirsson

Fylgiskjal II.

VERÐLAGSRÁÐ SJÁVARÚTVEGSINS Tjarnargötu 4 — Pósthólf 987 — sími 15161

Reykjavík, 16. nóv. 1984.

Á sameiginlegum fundi allra deilda Verðlagsráðs sjávarútvegsins í gær var lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins, dags. þann 13. þ. m., þar sem ráðuneytið beinir m. a. því til Verðlagsráðsins hvort ekki sé tilefni til þess að ákveða nýtt fiskverð fyrr en áður var ákveðið o. fl.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

„Með tilliti til álitserðar Sveins Finnssonar, framkvæmdastjóra ráðsins, telur Verðlagsráð sér ekki heimilt, að óbreyttum lögum, að taka upp lágmarksverð á sjávarafla til nýrrar ákvörðunar sem taki gildi áður en gildandi verðtímabil er útrunnið“.

Meðfylgjandi er ljósrit af tilvitnaðri álitserð framkvæmdastjóra ráðsins sem lögð var fram á fundinum.

Enn fremur fylgja með verðtilkynningar ráðsins um sjávarafla sem lágmarksverð hefur verið ákveðið á til 31. desember 1984.

Virðingarfyllt
f. h. Verðlagsráðs sjávarútvegsins
Jón R. Magnússon
Sveinn Finnsson.

Til sjávarútvegsráðuneytisins,
Lindargötu 9,
101 Reykjavík.

Fylgiskjal III.

ÁLITSGERÐ

um heimild Verðlagsráðs sjávarútvegsins til þess að ákveða nýtt lágmarksverð sjávarafla, sem taki gildi áður en gildistími er útrunninn samkvæmt fyrri verðákvörðun.

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 97/1961, sem voru fyrstu lögini um Verðlagsráðið, sagði m. a.: „Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.“

Skýrgreining á veiðitímabilum var síðan sett í 7. og 11. gr. reglugerðar um Verðlagsráð sjávarútvegsins þann 31. október 1962, en með reglugerðarbreytingu þann 30. september 1963 var sett það ákvæði að þegar sérstaklega standi á geti sjávarútvegsráðherra vikið frá tímaákvörðunum varðandi veiðitímabil í daglegu tali, enda breytt í lögum 1974.

Verðlagsráð hefur allt frá byrjun túlkað lögini þannig að lágmarksverði, sem ákveðið hefur verið fyrir tiltekið verðlagstímabil, sé ráðinu ekki heimilt að breyta á verðlagstímabilinu. Þessi regla byggist fyrst og fremst á áður tilgreindu ákvæði í upphaflegu lögunum, að

verð skuli ákveðið, „aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil“ (verðtímabil). Þá hefur ein meginforsenda fyrir þessari reglu verið sú, að þeir aðilar, sem verðákvörðun beinist að, þ. e. aðilar vinnslu og veiða, séu ekki í eilífri óvissu um þann þátt í rekstrargrundvelli, sem fiskverðið er. Um þessa forsendu hefur ekki verið ágreiningur í ráðinu svo ég viti.

Almenna reglan um gildistíma lágmarksverðs er sú, að það gildi tiltekið tímabil, sem kalla mætti lokað verðtímabil. Hins vegar er það undantekningarregla, að lágmarksverð sé ákveðið með uppsagnarákvæðum, en þau hafa verið breytileg, þannig að lágmarksverð hefur verið ákveðið tiltekið tímabil, en uppsegjanlegt frá tilteknum degi með tilteknum fyrirvara eða tímafresti og jafnvel að gefnum tilteknum forsendum. Hafi verið ákveðið uppsagnarákvæði á lágmarksverði hefur það ávallt verið birt í hinni opinberu verðtilkynningu ráðsins. Þessi birting á uppsagnarákvæðum staðfestir það álit Verðlagsráðsins, að því sé óheimilt að ákveða nýtt lágmarksverð áður en gildistími áður ákveðins verðs er útrunninn. Ef ráðinu væri heimilt að breyta lágmarksverðinu hvenær sem væri, þá væri birting uppsagnarákvæða óþörf.

Á rúmlega 23 ára starfsferli ráðsins, hefur það aldrei af sjálfsdáðum ákveðið nýtt lágmarksverð, sem tæki gildi áður en lokað verðlagstímabil hefur verið liðið. Hins vegar hefur það komið fyrir, að gildandi lágmarksverð hefur verið fellt úr gildi áður en upphaflegum gildistíma var lokið. Slíkar ákvarðanir hafa verið teknar af löggjafarvaldinu og Verðlagsráð þá verðlagt að nýju samkvæmt þeim lagaákvæðum. Hér á eftir eru tilgreind þau lög, þar sem löggjafarvaldið hefur fellt niður gildandi lágmarksverð og ákveðið að nýtt lágmarksverð skuli taka gildi áður en fyrri gildistími var útrunninn.

Með lögum nr. 79 frá 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, var Verðlagsráði fyrirskipað að ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávaraflla, er taka skyldi gildi frá og með 15. nóvember 1968. Fyrri verðákvæðanir höfðu gilt til 31. desember 1968.

Með lögum nr. 4 frá 3. febrúar 1970 um breyting á lögum nr. 79/1968 var Verðlagsráði fyrirskipað að endurskoða lágmarksverð, sem gildi á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skyldi taka gildi 1. janúar 1970.

Með bráðabirgðalögum nr. 76 frá 21. júlí 1971 um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð, var Verðlagsráði fyrirskipað að endurskoða lágmarksverð það, sem þá var í gildi. Hið endurskoðaða lágmarksverð tók gildi 1. ágúst 1971. Almenn fiskverð hafði áður verið ákveðið frá 1. júní til 31. desember.

Með bráðabirgðalögum nr. 87 frá 20. september 1974 var Verðlagsráði fyrirskipað að ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávaraflla, er taka átti gildi frá og með 1. september 1974 og gilda ekki skemur en til 31. desember 1974. Með lögum þessum var m. a. fellt úr gildi almennt fiskverð, sem ákveðið hafði verið til 30. september.

Þá hefur í bráðabirgðalögum og lögum verið ákveðið um ákveðna prósentuhækkun fiskverðs og ákveðin verðtímabil án atbeina Verðlagsráðsins, en þessar lagasetningar snerta ekki umræddar heimildir Verðlagsráðsins og verða því ekki ræddar frekar.

Framangreindar fjórar tilvitnaðar lagasetningar benda til þess að löggjafarvaldið telji Verðlagsráði óheimilt að fella úr gildi lágmarksverð, sem ákveðið hefur verið tiltekið verðtímabil. Að öðrum kosti hefðu þessar lagasetningar allar verið óþarfar.

Hægt er að renna fleiri stöðum undir framangreinda skoðun og útfæra á fyllri hátt, m. a. með almennum reglum um heimildir stjórnvalda, en ég læt þessa punkta nægja í bili.

Sveinn Finnsson.